

**Sp. 690. Tillaga til þingsályktunar [380. mál]**

um aðild Íslands að norræna umhverfisverndarsamningnum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson,  
Valdimar Indriðason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa aðild Íslands að norræna umhverfisverndarsamningnum sem gerður var 19. febrúar 1974 og hefur þegar tekið gildi milli Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands.

**G r e i n a r g e r ð .**

Að frumkvæði Norðurlandaráðs gerðu fjögur Norðurlandanna með sér samning um umhverfisvernd sem undirritaður var 19. febrúar 1974 og hefur nú verið í gildi í allmörg ár milli Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands (Nordiska Miljöskyddskonventionen).

Það er álit flutningsmanna þessarar tillögu að tímabært sé orðið að Ísland gerist aðili að þessu norræna umhverfismálasamstarfi sem þegar hefur gefið góða raun. Er því lagt til að ríkisstjórnin gangist fyrir því að Ísland staðfesti þennan norræna samning á lögformlegan hátt.

Samningurinn tekur til starfsemi í samningsríkjunum sem hefur eða getur haft umhverfisspjöll í för með sér og sams konar skaðleg áhrif í öðrum ríkjum Norðurlanda. Þau skaðlegu umhverfisáhrif, sem samningurinn tekur til, eru mengun frá landi, byggingum eða öðrum mannvirkjum, mengun vatns eða sjávar, loftmengun og mengun vegna geislavirkra efna. Þá tekur samningurinn einnig til mengunar og umhverfistjóns sem verður frá mannvirkjum eða athöfnum á landgrunni samningsríkjanna.

Sú skylda er lögð samningsríkjunum á herðar að þegar þau heimila framkvæmdir innan landamæra sinna, sem hættulegar geta reynst umhverfinu, skuli þess ætíð gætt að þær hafi ekki tjón í för með sér í öðrum samningsríkjum. Jafnframt er borgurum eða lögpersónum annarra Norðurlanda heimilað að hefja málsókn eða bera fram kærur til stjórnvalda eða dómstóla í hlutaðeigandi ríki vegna slíkra framkvæmda sem þeir telja að geti haft skaðleg umhverfisáhrif innan heimalands síns. Skulu þeir vera jafnsettir ríkisborgurum þess lands þar sem þær athafnir, sem umhverfisspjöllum valda, eiga sér stað varðandi heimtu skaðabóta vegna umhverfistjóns og jafnframt til þess að höfða mál til stöðvunar athöfnum sem þeir telja skaðlegar umhverfinu fyrir dómstólum þess ríkis.

Með þessum ákvæðum væri t.d. íslenskum stjórnvöldum, félögum og ríkisborgurum heimilt að höfða mál til að stöðva framkvæmdir annars staðar á Norðurlöndum sem þau telja að gæti valdið mengunarskaða hér á landi og krefjast bóta fyrir slíkt tjón á jafnréttisgrundvelli.

Á síðari árum hefur bæði loftmengun og mengun hafsins farið vaxandi og áhrif slíkrar mengunar berast nú í auknum mæli milli landa. Er því orðið tímabært að Íslendingar taki þátt í þeirri norrænu samvinnu sem hér er getið um og hefur það að markmiði að skapa Íslendingum rétt til þess að óska eftir stöðvun á þeim framkvæmdum í nágrannalöndunum sem þeir telja að geti haft skaðleg áhrif innan íslenskrar lögsögu og heimta skaðabætur fyrir það tjón sem af slíkri starfsemi kann að leiða hér á landi í framtíðinni.